

FW: Hafið þið áhuga á að verða betri í íbúasamráði?

Til : Auður Þorkelsdóttir
Frá : Haraldur Líndal Haraldsson
CC : Rósa Guðbjartsdóttir;Guðlaug Kristjánsdóttir;Kristinn Andersen
Heiti : FW: Hafið þið áhuga á að verða betri í íbúasamráði?
Málsnúmer : 1603147
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 04.03.2016 16:24:15
Höfundur : Haraldur Líndal Haraldsson

Viðhengi [image002.jpg](#)[image002.jpg](#)
[image001.gif](#)[image001.gif](#)

Sæl,

Við skulum setja þetta á dagskrá bæjarráðs.

Með kveðju/ best regards,

HARALDUR L. HARALDSSON
BÆJARSTJÓRI / MAYOR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5501 | 664 5503 | www.hafnarfjordur.is



From: Anna G. Björnsdóttir [mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is]

Sent: 4. mars 2016 16:14

Subject: Hafið þið áhuga á að verða betri í íbúasamráði?

Heil og sæl

Sambandið býður sveitarstjórnarmönnum upp á námsferð til Svíþjóðar 29. ágúst til 1. september nk. til að kynna sér íbúalýðræði sænskum sveitarfélögum en þau standa mjög framarlega á því sviði í Evrópu og þótt víðar væri leitað.

Lena Langlet sem stýrir íbúasamráðsverkefni sænska sveitarfélagasambandsins, SKL, aðstoðar við skipulagningu. Hópurinn mun fá kynningar hjá SKL og heimsækja sveitarfélög á Stokkhólmssvæðinu.

Í Svíþjóð er áherslan á að samþætta íbúasamráð inn í ákvörðunartökuferla og beita réttum aðferðum til að ná til rétts hóps íbúa.

Hér eru nánari upplýsingar á sænsku:

<http://skl.se/demokratiledningstyrning/medborgardialogdelaktighet/medborgardialog.372.html>

og hér á ensku:

<http://skl.se/tjanster/englishpages/activities/dialoguewithcitizens/factsaboutdialoguewithcitizensinsweden.1422.html>

Västerås eitt þeirra sveitarfélaga sem ráðgert er að heimsækja. Västerås er 100 km. fyrir vestan Stokkhólm og er gert ráð fyrir að hópurinn hafi bækistöð þar. Sambandið hefur látið taka frá 25-30 herbergi á Elite Stadshotellet í Västerås frá 29. ágúst til 1. september, sjá hér að neðan.

Eftir skoðun kom í ljós að ekki er fýsilegt að bóka hópflug heldur heppilegra að hver og einn bóki flug fyrir sig. Sambandið vill benda á að Flugvélar Wowair til Stokkhólms lenda á Västeråsflugvelli. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Wowair í dag er hægt að fá flug út 29. ágúst og heim 1. sept. á rúmlega 20 þús.kr.

Hér eru drög að dagskrá með fyrirvara um að ennþá er beðið eftir endanlegum staðfestingum frá nokkrum aðilum:

- 29. ágúst: Wowair lendir á Västeråsflugvelli kl. 12:00. Heimsókn til Västeråsborgar um eftirmiddaginn.
- 30. ágúst: Heimsókn til sænska sveitarfélagasambandsins, SKL, á Södermalm í Stokkhólmi. Lest frá Västerås og möguleiki á frjálsum tíma í Stokkhólmi.
- 31. ágúst: Heimsóknir til sveitarfélaga á Stokkhólmsvæðinu.
- 1. sept.: Hádegisflug heim frá Västeråsflugvelli

Kostnaðurþættir eru: Flugmiðar, ferðakostnaður innan Stokkhólmsvæðisins með lest og hugsanlega rútu, og uppihalds- og hótélkostnaður, sjá hér að neðan:

„Bokningen

Elite Stadshotellet i Västerås

Box 19

721 03 Västerås

tfn.(vxl) 021-10 28 00

tfn.(direkt) 021-10 28 20

Fax. 021-10 28 10

mail: reservation.vasteras@elite.se

www.elite.se

Rate for 1 person: 1100 SEK per night and room

Rate for 2 persons 1300 SEK per night and room

Rates are including breakfast buffé and taxes.“

Ferðin er opin öllum, og ætti að geta gagnast bæði kjörnum fulltrúum og öðrum stjórnendum sveitarfélaga, auðvitað þeim sem vinna beint með íbúasamráð.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í ferðinni eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig með tölvupósti til mín.

Fyrstir koma og fyrstir fá.

mgkv

Anna Guðrún

Anna Guðrún Björnsdóttir

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Beint innval: 515 4920

Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

-

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

